

Nefndasvið Alþingis
B.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga (1. mál) og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022 (3. mál)

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni fjárlaganefndar 1. desember sl. um frumvarp til fjárlaga, á þingskjali 1. Þá vísar félagið til umsagnarbeiðni 7. desember vegna 3. máls. FA vill gera nokkur atriði fjárlagafrumvarpsins að umtalsefni og vísar til 3. máls þar sem það á við.

I. Ívilnanir og stuðningsaðgerðir vegna heimsfaraldurs

Í greinargerð frumvarpsins segir m.a.: „Dregið verður úr tímabundnum mótvægisráðstöfunum tengdum kórónuveirufaraldrinum en í samræmi við dvínandi áhrif hans á efnahagsumsvif og forsendur fjármálaáætlunar fjara flestar ráðstafanir út í lok árs 2021 að frátöldu fjárfestingarátaki.“ Þó er boðað að niðurfelling gistináttaskatts gildi til ársloka 2023.

FA hefur ítrekað bent fjármálaráðuneytinu á að vegna áframhaldandi óvissu um þróun heimsfaraldurs kórónuveirunnar sé full þörf á að framlengja ýmis stuðningsúrræði fyrir fyrirtæki, ekki sízt þau smærri. Félaginu þykir skjóta skökku við að á sama tíma og sóttvarnaryfirvöld telja líklegt að grípa þurfi til frekari samkomutakmarkana innanlands og aðgangshindrana á landamærum vegna þróunar faraldursins, lýsi stjórnvöld því yfir að stuðningsaðgerðir fjari út um áramót. Nefna má að í mörgum nágranna- og markaðslöndum Íslands hafa sóttvarnaaðgerðir verið hertar mjög, sem bitnar á mörkuðum fyrirtækja í jafnt þjónustu- og vöruútflutningi.

Dæmi um úrræði, sem nýtt hafa fyrirtækjum vel til viðspyrnu í kórónuveirukreppunni, en falla nú úr gildi, eru eftirfarandi:

- Lagaákvæði um stuðning við fyrirtæki vegna launagreiðslna til starfsmanna í sóttkví taka til launagreiðslna sem inntar eru af hendi til og með 31. desember 2021.
- Reglugerðarákvæði um átakið Hefjum störf, þar sem fyrirtæki geta ráðið starfsfólk með styrk frá Vinnumálastofnun, falla úr gildi um áramót.
- Viðspyrnustyrkir giltu út nóvember.
- Frestun gjalddaga staðgreiðslu launa og staðgreiðslu tryggingagjalds gildir eingöngu út árið.

Að mati FA er nauðsynlegt að framlengja gildistíma úrræða og miða þau t.d. við tiltekið tekjufall um tiltekinn tíma, þannig að hægt sé að bregðast við vandkvæðum fyrirtækja af völdum faraldursins og samkomutakmarkana stjórnvalda með sveigjanlegum hætti, í stað þess að löggjafinn sé stöðugt eftirá að elta þróun faraldursins. Frumvörpin sem hér eru til umsagnar ættu að taka breytingum í þá veru.

II. Tryggingagjald


Ein þeirra ráðstafana vegna faraldursins, sem falla úr gildi um áramót, er tímabundin lækkun tryggingagjalds um 0,25 prósentustig. Skatturinn verður hækkaður á ný, úr 6,10% í 6,35% af launagreiðslum fyrirtækja. Þetta er að mati FA afar misráðin ráðstöfun. Í fyrsta lagi glímir fjöldi fyrirtækja áfram við erfiðleika vegna kórónuveirufaraldursins. Í öðru lagi, og burtséð frá afleiðingum faraldursins, er tryggingagjaldið slæmur skattur sem leggst sérstaklega þungt á minni og meðalstór fyrirtæki, þar sem meirihluti útgjalda er launaútgjöld. Hækkun skattsins eftir bankahrun, sem átti að vera tímabundin, hefur ekki gengið að fullu til baka og vantar þar heilt prósentustig upp á, eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



Samkvæmt skýrslu, sem Intellicon vann fyrir FA árið 2018, höfðu launatengd gjöld atvinnurekenda hækkað um 60% frá aldamótum. Hækkun tryggingagjaldsins á drjúgan þátt í því. Þessi þróun kemur niður á hvata fyrirtækja til að bæta við sig fólki, ýtir undir útivistun verkefna til ríkja þar sem launakostnaður er lægri og skapar freistingu til gerviverktöku. Að mati FA er afar brýnt að tryggingagjaldið haldi áfram að lækka og telur félagið að gera ætti breytingar á frumvörpunum, sem hér eru til umsagnar, í þá veru.


III. Áfengisskattar

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að áfengisgjöld hækki um 2,5%. Að mati FA hefur þegar verið gengið alltof langt í hækkun áfengisskatta og löngu tímabært að segja stopp. Á myndinni hér að neðan má sjá hvað ríkið fær í sinn hlut af útsöluverði áfengis í Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Hér er augljóslega verið að seilast of djúpt ofan í vasa neytenda, enda dettur engri annarri ríkisstjórn í þeim löndum, sem Ísland ber sig saman við, í hug að ganga jafnlangt.



Samkvæmt nýlegum samanburði Spirits Europe, evrópskra samtaka áfengisframleiðenda, eru áfengisskattar á Íslandi þeir langhæstu í Evrópu. Þannig hefur það reyndar verið árum saman. Í samanburðinum á myndinni hér fyrir neðan eru valin ríki Norður- og Vestur-Evrópu, sem Ísland ber sig frekast saman við. Ekki þarf að fjölyrða um það hversu háir áfengisskattar eru hér á landi miðað við samanburðarlöndin; eina ríkið sem kemst með tænar þar sem Ísland hefur hælana er Noregur, en áfengisskattur á bjór er þar lítið eitt hærri en hér á landi.

Áfengisskattar í Norður- og Vestur-Evrópu, október 2022



* Mælieiningin evnur á hektólítra hreins vínanda er notuð í þessum samanburði.
 ** Tölurnar fyrir Ísland miða við að frumvarp fjármálaráðherra sem gerir ráð fyrir breyttri skattlagningu áfengis verði að lögum um áramót.
 *** Tölurnar í þessum samanburði eru frá 2021. Breytingar á áfengisgjöldum á Íslandi eru miðaðar við gengi evru í nóvember.

Ísland innheimtir lægri virðisaukaskatt af áfengi en flest önnur Evrópuríki, sem gerir samanburð af þessu tagi ekki fyllilega marktækan. FA hefur því farið þá leið að reikna út hvað vara, sem seld er í Vínbúðinni á Íslandi, myndi kosta ef hún væri skattlögð eins og í öðrum Evrópuríkjum, þ.e. hvað áfengisgjöld og virðisaukaskatt varðar. Gert er ráð fyrir allar vörurnar taki sömu smásöluálagningu og gildir hjá ÁTVR og beri íslensk skilgjöld. Niðurstöðurnar sýna vel muninn á skattlagningu á milli Evrópuríkja í heild, Norður- og Vestur-Evrópuríkja, okkar næstu nágretta í Skandinavíu og þeirri skattlagningu sem viðgengst á Íslandi.



Hinir háu áfengisskattar á Íslandi bitna ekki aðeins á buddu neytenda, heldur skerða þeir vaxtarmöguleika atvinnugreina, þar sem grózka og nýsköpun er mikil, þ.e. ferðaþjónustu og áfengisframleiðslu. Hið háa áfengisverð, sem skattarnir skapa, skerðir með óumdeildum hætti samkeppnisstöðu íslenskrar ferðaþjónustu.

Þessir ofurskattar koma líka illa niður á innlendra áfengisframleiðslu, sem er hratt vaxandi atvinnugrein sem skapar störf víða um land. Benda má á að áfengisgjald á bjór, sem er framleiddur af fjölda íslenskra fyrirtækja, er talsvert hærra en á léttvíni sem ekkert íslenskt fyrirtæki framleiðir. Skattur á sterkt áfengi er svo sérkapítuli og algjörlega út úr korti í samanburði við öll nágrannalönd. Það hamlar að sjálfsögðu möguleikum innlendra framleiðenda, sem vilja til dæmis selja ferðamönnum framleiðslu sína.



FA leggur til að 2. grein 3. máls falli út í heild.

IV. Framlög til lyfjamála

FA hefur ásamt Samtökum verzlunar og þjónustu sent fjárlaganefnd sérstaka umsögn vegna framlaga til lyfjamála í frumvarpinu og vísast hér með til hennar (sjá fylgiskjal).

V. Ríkisábyrgð til Ícelandair

Í „ýmsum heimildum“ frumvarpsins er lögð til heimild til að „veita Ícelandair Group hf., sem er kerfislega mikilvægt fyrirtæki, sjálfskuldarábyrgð frá ríkissjóði á lánum vegna tekjufalls fyrirtækisins í tengslum við heimsfaraldur kórónuveirunnar.“ Heildarskuldbinding ríkissjóðs vegna þessa getur numið allt að 108 milljónum Bandaríkjadala eða sem jafngildir 90% af 120 milljóna Bandaríkjadala lánalánum til félagsins. Það þýðir að skuldbinding ríkissjóðs getur orðið rúmlega 14 milljarðar króna á núverandi gengi. Flugrekstur er í eðli sínu áhætturekstur og felst að sjálfsögðu í veitingu ábyrgðarinnar áhætta fyrir skattgreiðendur, eins og kemur raunar fram í greinargerð frumvarpsins.

FA taldi á sínum tíma að ströng samkeppnisleg skilyrði ættu að fylgja veitingu þessarar ríkisábyrgðar, en sú varð ekki niðurstaðan. Að mati félagsins er þessi ábyrgð skattgreiðenda á láni til félagsins nú bæði óþörf og skaðleg. Hún er óþörf í fyrsta lagi vegna þess að Ícelandair er byrjað að rétta úr kútnum og í öðru lagi vegna þess að til er orðið annað íslenskt flugfélag sem heldur uppi flugsamgöngum við nágrannalönd. Þá er hún einnig skaðleg sökum þess að til er orðin á ný innlend samkeppni í flugi til og frá landinu – sem er afar mikilvæg fyrir neytendur og atvinnulíf – því að ríkisábyrgðin veitir Ícelandair óeðlilegt samkeppnisforskot á keppinaut sinn, Play Air, í formi lægri fjármagnskostnaðar. FA leggur til að heimildin verði afturkölluð og liður 7.22 í heimildum ráðherra í fjárlagafrumvarpi falli því út.

Þá verður að benda á að ekki verður sé að þessi heimild rúmist innan V. kafla laga nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir sem skv. orðanna hljóðan heimila aðeins þá skuldbindingu sem mælt er fyrir um í aukafjárlögum á árinu 2020, en hvergi er að finna í lögnum heimild til að framlengja þá skuldbindingu.

VI. Að lokum

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum við frumvarpið og tengd mál á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsögðu reiðubúið að funda með nefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjal: Sameiginleg umsögn FA, Frumtaka og SVP um fjárlagafrumvarp 2022

Nefndasvið Alþingis
B.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2021

Efni: Sameiginleg umsögn FA, SVP og Frumtaka vegna fjárlaga fyrir árið 2022, 1. mál

Félag atvinnurekenda, Frumtök og Samtök verslunar og þjónustu (hér eftir sameiginlega „samtökin“) vísa til umsagnarbeiðni fjárlaganefndar, dags. 1. desember sl., um frumvarp til fjárlaga 2022. Samtökin hafa tekið frumvarpið til umsagnar og telja ástæðu til þess að skila sameiginlegri umsögn vegna framlaga til lyfjamála eins og þau birtast í frumvarpinu.

Á blaðsíðu 68 í frumvarpinu er að finna fjárlagalið vegna lyfja. Samkvæmt því sem þar kemur fram eru rekstrarframlög 13.039,0 m.kr. og rekstrartilfærslur 12.693,9 m.kr. Er framlagið samtals kr. 25.732,9 m.kr. Sjá mynd.

26 Lyf og lækningavörur

26.10 Lyf

08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög	13.039,0
Rekstrartilfærslur	12.693,9
Heildarfjárheimild	25.732,9
Fjármögnun:	
Framlag úr rikissjóði	25.732,9

Í fylgiriti með frumvarpinu er á bls. 41 að finna nánari útfærslu á fjárlagaliðnum. Samkvæmt því sem þar kemur fram eru framlög í liðinn „lyf“ 12.865,2 m.kr. og framlög vegna „lyfja með S-merkingu“ 12.867,7 m.kr. Sjá mynd.

26.10 Lyf	13.039,0	12.693,9	0,0	0,0	25.732,9	0,0	25.732,9
08-206 Sjúkratryggingar	200,0	12.665,2	0,0	0,0	12.865,2	0,0	12.865,2
115 Lyf	200,0	12.665,2	0,0	0,0	12.865,2	0,0	12.865,2
08-212 Lyf með S-merkingu	12.839,0	28,7	0,0	0,0	12.867,7	0,0	12.867,7
110 Lyf með S-merkingu	12.839,0	28,7	0,0	0,0	12.867,7	0,0	12.867,7

Samkvæmt samantekt frá Sjúkratryggingum Íslands, dags. 10. nóvember 2021, gerir stofnunin ráð fyrir að kostnaður vegna almennra lyfja stefni í 14.676 m.kr. árið 2021, sem mun vera í nokkuð góðu samræmi við áætlun stofnunarinnar fyrir árið. Fjárlög þessa árs gerðu hins vegar ráð fyrir 11.926 m.kr. Hallinn stefnir því í 2.750 m.kr., sjá *fylgiskjal*.

Samkvæmt upplýsingum sem samtökin hafa aflað hjá Sjúkratryggingum er það mat stofnunarinnar að þörf næsta árs vegna almennra lyfja sé 15.024 m.kr. Það mat er byggt á faglegum forsendum, m.a. um þróun sjúkdóma, fólksfjölgun og breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar.

Samtökin kölluðu eftir upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands um áætlun stofnunarinnar um kostnað við almenn lyf sex síðastliðin ár. Í töflunni hér að neðan er það frummat stofnunarinnar borið saman við eiginleg framlög á fjárlögum til liðarins almenn lyf og raunútgjöld til málaflokksins.

Ár	Frummat Sí	Fjárheimild	Raunútgjöld
2016	8.460	7.860	8.362
2017	8.125	7.523	8.231
2018	9.901	8.722	9.124
2019	9.876	9.051	10.665
2020	11.377	9.969	12.705
2021	14.394	11.854	14.676*
2022	15.024	12.694**	

Tölur í milljónum króna

*Raunútgjöld 2021 m.v. spá Sí í fylgiskjali

**Skv. fjárlagafrumvarpi fyrir 2022

Að mati samtakanna er einkar varasamt að vanáætla útgjöld til lyfja í fjármálaáætlun og fjárlögum. Eins og taflan sýnir, hafa raunveruleg útgjöld verið í nokkuð góðu samræmi við frummat Sí, þótt sum ár hafi heimild á fjárlögum verið langt undir raunverulegri þörf.

Ein afleiðing af ítrekaðri vanáætlun er að stjórnvöld grípi reglubundið til vanhugsaðra niðurskurðaraðgerða sem stefna beinlínis lyfjaöryggi og þar með öryggi sjúklinga í hættu. Tilraun til slíks átti sér einmitt stað í desember í fyrra en var afstýrt eftir að m.a. undirrituð samtök bentu á alvarlegar afleiðingar reglugerðardraga, sem þáverandi heilbrigðisráðherra setti fram til að keyra niður lyfjakostnað (Mál nr. 263/2020 í samráðsgátt stjórnvalda).

Samtökin hafa í framhaldinu átt í samskiptum við heilbrigðisráðuneytið um leiðir til að lækka kostnað heilbrigðiskerfisins, m.a. með því að lyfjaverðstefna stjórnvalda tryggi að ný hagkvæm lyf með bætta virkni fái skráð á Íslandi. Þeirri vinnu er langt í frá lokið.

Samtökin telja að við vanáætlun lyfjaútgjalda þurfi fjárlaganefnd að bregðast og auka þurfi framlög vegna almennra lyfja til samræmis við mat Sjúkratrygginga Íslands. Að öðrum kosti er fyrirsjáanlegt að kostnaður vegna liðarins mun fara langt fram úr fjárframlögum, með óæskilegum afleiðingum eins og að framan er lýst.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags atvinnurekenda



Ólafur Stephensen

f.h. Samtaka verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon

f.h. Frumtaka



Jakob Falur Garðarsson